

Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMFÍ

1. grein.

Stjórn UMFÍ getur kosið heiðursfélaga. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursfélagakross UMFÍ, sem er æðsta heiðursmerki samtakanna. Aðeins skal tilnefna þá til heiðursfélaga sem hafa unnið áratuga heillaríkt starf fyrir ungmennafélagshreyfinguna og gegnt veigamiklu ábyrgðarhlutverki fyrir hana. Þessa sæmd má einnig sýna merkurum brautryðjendum hreyfingarinnar.

2. grein.

Framkvæmdastjórn UMFÍ veitir starfsmerki UMFÍ. Starfsmerki UMFÍ má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagsstörfum, skipulagsstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviði. Til grundvallar þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

3. grein.

Stjórn UMFÍ veitir gullmerki UMFÍ. Gullmerki UMFÍ er næstæðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ. Viðtakandi verður að hafa unnið mörg trúnaðarstörf fyrir ungmennafélagshreyfinguna. Einnig má veita þessa viðurkenningu við sérstök tækifæri sem stjórn telur við hæfi.

4. grein

Þakkarskjöld UMFÍ má veita hverjum þeim aðila sem sýnt hefur ungmennafélagshreyfingunni stuðning þó viðkomandi sé ekki ungmennafélagi.

Stjórn, framkvæmdastjórn og formaður UMFÍ mega veita þakkarskjöld UMFÍ.

5. grein

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.